

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Olgu Margréti Cilia um rannsóknir á áhrifum kyns, bágrar fjárhagsstöðu og annarra félagslegra þátta á veitingu heilbrigðisþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur ráðherra rannsakað eða hyggst hann láta rannsaka hvernig kyn, bág fjárhagsstaða og aðrir félagslegir þættir hafa áhrif á hvort einstaklingar sæki sér heilbrigðisþjónustu?*
2. *Hefur ráðherra rannsakað eða hyggst hann láta rannsaka hvort heilbrigðisstarfsfólk sinni einstaklingum á misjafnan hátt út frá staðalímyndum um kyn, fjárhagsstöðu eða aðra félagslega þætti? Sér í lagi hvort og þá hvernig efnahagsleg staða karlmannna hafi áhrif á það hversu fljótt þeir sækja sér heilbrigðisþjónustu og hvort og þá hvernig heilbrigðisstarfsfólk bregst síður við umkvörtunum kvenna um heilsu þeirra?*
3. *Hefur ráðherra rannsakað eða hyggst hann láta rannsaka kostnað heilbrigðiskerfisins af því að einstaklingar leiti sér ekki eða njóti ekki fullnægjandi heilbrigðisþjónustu á fyrrri stigum sjúkdóms?*
4. *Hefur ráðherra rannsakað eða hyggst hann láta rannsaka falda mismunun í heilbrigðiskerfinu?*

Í þessu svari verður töluliðum fyrirspurnarinnar svarað sameiginlega í einu lagi.

EKKI liggar fyrir að fara í formlegar rannsóknir um alla þá þætti sem spurt er um í fyrirspurninni enda falla formlegar rannsóknir ekki undir dagleg störf í ráðuneytinu. Hins vegar fylgist ráðuneytið grannt með mælikvörðum, gæðavísum og félagsvísum og ber saman við önnur lönd eftir því sem við á. Einnig er fylgst með því hver hlutur heimilanna er í kostnaði við heilbrigðisþjónustu og boríð saman við nágrannalöndin. Stofnanir ráðuneytisins skila einnig inn upplýsingum og gera úttektir bæði að eigin frumkvæði og að beiðni ráðuneytisins þegar þörf þykir.

Í 18. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, er fjallað um kynjaða fjárlagagerð og jafnrétti. Þar segir að fjármála- og efnahagsráðherra, í samráði við ráðherra jafnréttismála, hafi forystu um að gerð sé áætlun um kynjaða fjárlagagerð sem höfð skuli til hliðsjónar við gerð frumvarps til fjárlaga. Einnig segir þar að í frumvarpi til fjárlaga skuli gerð grein fyrir áhrifum þess á markmið um jafna stöðu karla og kvenna. Eftir að kynjuð fjárlagagerð með jafnrétti að leiðarljósi var leidd í lög hófst innleiðing hennar og fléttast nú stöðugt meira inn í fjárlagavinnu ríkisins. Gert er ráð fyrir að áhrif þessa nýja vinnulags aukist jafnt og þétt á næstu árum og hafi áhrif á kynjajafnrétti í nálgun verkefna, ákvarðanatöku um þjónustu og dreifingu fjármuna.

Í nokkur ár áður en kynjuð fjárlagagerð var leidd í lög um opinber fjármál var unnið í Stjórnarráðinu að tilraunaverkefnum í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Verkefnin voru í upphafi lítil og afmörkuð en síðar meir umfangsmeiri og náðu yfir lengri tíma. Rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum síðan á biðtíma karla og kvenna, annars vegar eftir hjartaþraeð-

ingu og hins vegar eftir liðskiptaaðgerðum á Landspítala, sýndi að karlar biðu lengur eftir mjaðmaaðgerð en konur lengur eftir hjartaþræðingu. Nú er hins vegar óverulegur kynjamunur á biðtíma karla og kvenna sem bíða eftir þessum aðgerðum. Í öðru verkefni sem skilað var árið 2014 voru skoðaðir aldraðir í hjúkrunarrýmum. Þar kom m.a. í ljós að konur biðu að meðaltali lengur eftir hjúkrunarrými en karlar en stefnan er að þeir sem eru í mestri þörf hverju sinni séu í forgangi.

Heilbrigðisráðherra hefur beitt sér fyrir því að auka jöfnuð og vinna gegn mismunun í heilbrigðiskerfinu. Í drögum að heilbrigðissstefnu til ársins 2030 kemur fram að öll mismunum sé óheimil. Ef forgangsraða þarf sjúklingum vegna meðferðar skal það fyrst og fremst byggjast á læknisfræðilegum sjónarmiðum og öðrum faglegum forsendum.

Ráðherra hefur beitt sér fyrir því að tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu og draga úr áhrifum þess að fjárhagsstaða og félagslegir þættir hafi áhrif á að einstaklingar sækí sér heilbrigðisþjónustu. Um síðustu áramót voru felld niður komugjöld í heilsugæslu hjá öldruðu fólk og öryrkjum. Það er líka í samræmi við stefnu ríkisstjórnar um að draga úr greiðsluháttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu, efla heilsugæsluna og stuðla að því hún verði fyrsti við-komustaður heilbrigðisþjónustunnar.